

## Auka aðalfundur SSV 2026

### Ályktun um stofnun innviðafélags

Auka aðalfundur SSV haldinn 01.07 2026 telur það jákvætt skref hjá stjórnvöldum að stofna sérstakt innviðafélag í því skyni að flýta mikilvægum samgöngubótum. Umræða um nýjar leiðir varðandi fjármögun samgöngubóta hefur átt sér stað í langan tíma og því mikilvægt að vanda til verka þannig að baki liggi skýr tilgangur innviðafélagsins og skýr hugmyndafræði um framkvæmdir, eignarhald verkefna og innheimtu veggjalda.

Að mati fundarins er fyrir hendi óvissa um framkvæmd ýmissa ákvæða nýrra laga um félagið, óvissa um hvernig verði staðið að álagningu veggjalda og fyrir sveitarfélögin á Vesturlandi er mikil óvissa um hvaða verkefni fara inn í innviðafélagið og hvernig staðið verði að innheimtu veggjalda af þeim.

Þá áréttar fundurinn þá skoðun sveitarfélaganna á Vesturlandi að ekki komi til greina að færa seinni hluta endurbóta á Kjalarnesi undir innviðafélagið og innheimta veggjöld af framkvæmd sem þegar er á samgönguáætlun.

Jafnframt leiðir óskýr hugmyndafræði til þess að óvissa ríkir um tvöföldun Hvalfjarðarganga, hver taki ákvörðun um legu ganganna, hvernig staðið verði að fjármögnun og mögulegri innheimtu og hvort gjaldtaka verði á eldri Hvalfjarðargöngum, sem löngu eru uppgreidd af vegfarendum.

Auka aðalfundur SSV skorar því að ríkisstjórn Íslands að skýra frekar þá hugmyndafræði sem býr að baki lögum um innviðafélagið til þess það geti sem best náð þeim tilgangi sem það var stofnað til. Til staðar þarf að vera gagnsæi og jafnræði varðandi álagningu veggjalds, rekstur mannvirkis, uppgreiðslu lána og meðferð mannvirkja eftir uppgreiðslu til þess að íbúar sætti sig við að mannvirki séu fjármögnuð með veggjöldum.

Borgarnesi 01.07 2026